

## Le Sigdrifumal

1.

"Hvat beit brynju?  
Hví brá ek svefni?  
Hverr felldi af mér  
fólvar nauðir?"

Hann svaraði:

"Sigmundar burr,  
- sleit fyr skömmu  
hrafn hrælundir, -  
hjörr Sigurðar!"

Hon kvað:

2.

"Lengi ek svaf,  
lengi ek sofnuð var,  
löng eru lýða læ;  
Óðinn því veldr,  
er ek eigi máttak  
bregða blundstöfum."

Sigurðr settist niðr ok spyr hana nafns. Hon tók þá horn fullt mjaðar ok gaf honum minnisveig:

3.

"Heill dagr!  
Heilir dags synir!  
Heil nótt ok nift!  
Óreiðum augum  
lítið okkr þinig  
ok gefið sitjöndum sigr!

4.

Heilir æsir!  
Heilar ásynjur!  
Heil sjá in fjölnýta fold!  
Mál ok mannvit  
gefið okkr mærum tveim  
ok læknishendr, meðan lifum."

Hon nefndist Sigdrífa ok var valkyrja. Hon sagði, at tveir konungar börðust. Hét annarr Hjálmgunnarr. Hann var þá gamall ok inn mesti hermaðr, ok hafði Óðinn hán um sigri heitit en

"annarr hét Agnarr,  
Auðu bróðir,  
er vætr engi  
vildi þiggja."

Sigdrífa felldi Hjálmgunnarr í orrustunni, en Óðinn stakk hana svefnþorni í hefnd þess ok kvað hana aldri skyldu síðan sigr vega í orrustu ok kvað hana giftast skyldu - "en ek sagðak hán um, at ek strengðak heit þar í mót at giftast engum þeim manni, er hræðast kynni." Hann segir ok biðr hana

kenna sér speki, ef hon vissi tíðindi ór öllum heimum. Sigrdrífa kvað:

5.

"Bjór færi ek þér,  
brynþings apaldr,  
magni blandinn  
ok megintíri;  
fullr er hann ljóða  
ok líknstafa,  
góðra galdra  
ok gamanrúna.

6.

Sigrúnar skaltu kunna,  
ef þú vilt sigr hafa,  
ok rísta á hjalti hjörs,  
sumar á véttrimum,  
sumar á valböstum,  
ok nefna tysvar Tý.

7.

Ölrúnar skaltu kunna,  
ef þú vill annars kvæn  
véli-t þik í tryggð, ef þú trúir;  
á horni skal þær rísta  
ok á handar baki  
ok merkja á nagli Nauð.

8.

Full skal signa  
ok við fári sjá  
ok verpa lauki í lög;  
þá ek þat veit,  
at þér verðr aldri  
meinblandinn mjöðr.

9.

Bjargrúnar skaltu kunna,  
ef þú bjarga vilt  
ok leysa kind frá konum;  
á lófum þær skal rísta  
ok of liðu spenna  
ok biðja þá dísir duga.

10.

Brimrúnar skaltu rísta,  
ef þú vilt borgit hafa  
á sundi seglmörum;  
á stafni skal rísta  
ok á stjórmarblaði  
ok leggja eld í ár,  
er-a svá brattr breki

né svá bláar unnir,  
þó kemstu heill af hafi.

11.

Limrúnar skaltu kunna,  
af þú vilt læknir vera,  
ok kunna sár at sjá;  
á berki skal þær rísta  
ok á baðmi viðar,  
þeim er lúta austr limar.

12.

Málrúnar skaltu kunna,  
ef þú vilt, at manngi þér  
heiftum gjaldi harm:  
þær of vindr,  
þær of vefr,  
þær of setr allar saman  
á því þingi,  
er þjóðir skulu  
í fulla dóma fara.

13.

Hugrúnar skaltu kunna,  
ef þú vilt hverjum vera  
geðsvinnari guma;  
þær of réð,  
þær of reist,  
þær of hugði Hrofr  
af þeim legi,  
er lekit hafði  
ór hausu Heiðdraupnis  
ok ór horni Hoddrofnis.

14.

Á bjargi stóð  
með Brimis eggjar,  
hafði sér á höfði hjalm;  
þá mælti Mímis höfuð  
fróðligt it fyrsta orð  
ok sagði sanna stafi.

15.

Á skildi kvað ristnar,  
þeim er stendr fyr skínandi goði,  
á eyra Árvakrs  
ok á Alsvinns hófi,  
á því hvéli, er snýsk  
undir reið Hrungnis,  
á Sleipnis tönnum  
ok á sleða fjötrum.

16.

Á bjarnar hrammi  
ok á Braga tungu,  
á ulfs klóum  
ok á arnar nefi,  
á blóðgum vængjum  
ok á brúar sporði,  
á lausnar lófa  
ok á líknar spori.

17.

Á gleri ok á gulli  
ok á gumna heillum,  
í víni ok í virtri  
ok vilisessi,  
á Guginn oddi  
ok á Grana brjósti,  
á nornar nagli  
ok á nefi uglu.

18.

Allar váru af skafnar,  
þær er váru á ristnar,  
ok hverfðar við inn helga mjöð  
ok sendar á víða vega;  
þær ro með ásum,  
þær ro með alfum,  
sumar með vísunum vönum  
sumar hafa mennskir menn.

19.

Þat eru bókrúnar,  
þat eru bjargrúnar  
ok allar ölrúnar  
ok mætar meginrúnar,  
hveim er þær kná óvilltar  
ok óspilltar  
sér at heillum hafa;  
njóttu, ef þú namst,  
unz rjúfask regin.

20.

Nú skaltu kjósa,  
alls þér er kostur of boðinn,  
hvassa vápna hlynur;  
sögn eða þögn  
hafðu þér sjalfr í hug;  
öll eru mein of metin."

Sigurðr kvað:

21.

"Munk-a ek flæja,

þótt mik feigan vitir,  
emk-a ek með bleyði borinn;  
ástráð þín  
ek vil öll hafa;  
svá lengi sem ek lifi."

Sigrdrífa kvað:

22.

"Þat ræð ek þér it fyrsta,  
at þú við frændr þína  
vammalaust verir;  
síðr þú hefnir,  
þótt þeir sakar geri;  
þat kveða dauðum duga.

23.

Þat ræð ek þér annat,  
at þú eið né sverir,  
nema þann er saðr sé;  
grimmar limar  
ganga at tryggðrofi;  
armr er vára vargr.

24.

Þat ræð ek þér þriðja,  
at þú þingi á  
deili-t við heimska hali,  
því að ósviðr maðr  
lætur oft kveðin  
verri orð en viti.

25.

Allt er vant,  
ef þú við þegir,  
þá þykkir þú með bleyði borinn  
eða sönnu sagðr;  
hætt er heimis kviðr,  
nema sér góðan geti; -  
annars dags  
láttu hans öndu farit,  
ok launa svá lýðum lygi.

26.

Þat ræð ek þér it fjórða,  
ef býr fordæða  
vammafull á vegi,  
ganga er betra  
en giska sé,  
þótt þik nótt of nemi.

27.

Fornjósna augu

þurfu fira synir,  
hvars skulu vreiðir vega;  
oft bölvísar konur  
sitja brautu nær,  
þær er deyfa sverð ok sefa.

28.

Þat ræð ek þér it fimmta,  
þóttú fagnar séir  
brúðir bekkjum á,  
sifja silfr  
lát-a-ðu þínum svefni ráða;  
teygj-at-tu þér at kossi konur.

29.

Þat ræð ek þér it sétta,  
þótt með seggjum fari  
öldmál til öflug,  
drukkín deila  
skal-at-tu við dolgviðu;  
margan stelr vín viti.

30.

Söngur ok öl  
hefr seggjum verit  
mörgum at móðtrega,  
sumum at bana,  
sumum at bölstöfum;  
fjöld er, þat er fira tregr.

31.

Þat ræð ek þér it sjaunda,  
ef þú sakar deilir  
við hugfulla hali,  
berjask er betra  
en brenna sé  
inni auðstöfum.

32.

Þat ræð ek þér it átta,  
at þú skalt við illu sjá  
ok firrask flærðarstafi;  
mey þú teygj-at  
né manns konu  
né eggja ofgamans.

33.

Þat ræð ek þér it níunda,  
at þú náum bjargir,  
hvars þú á foldu finnr,  
hvárts eru sótt dauðir  
eða eru sædauðir

eða eru vápndauðir verar.

34.

Laug skal gera,  
þeim er liðnir eru,  
þvóa hendr ok höfuð,  
kemba ok þerra,  
áðr í kistu fari,  
ok biðja sælan sofa.

35.

Þat ræð ek þér it tíunda,  
at þú trúir aldregi  
várum vargdropa,  
hvárstu ert bróður bani  
eða hafir þú felldan föður;  
ulfr er í ungum syni,  
þó sé hann gulli gladdr.

36.

Sakar ok heiftir  
hyggja-t svefngar vera  
né harm in heldr;  
vits ok vápna  
vant er jöfri at fá  
þeim er skal fremstr með firum.

37.

Þat ræð ek þér it ellifta,  
at þú við illu séir  
hvern veg at vini;  
langt líf þykkjumk-a-k  
lofðungs vita;  
römm eru róg of risin."